

Í skólanum er unnið að þróunarverkefni um
eflingu orðaforða og samþættingu í
kennslu. Lögð var áhersla á jafnréttis- og
mannréttindafræðslu, jafnframt því sem
unnið var með ábyrgð nemenda á eigin
líðan og námi.

Skýrsla um innra mat í Grunnskólanum á Suðureyri, unnið á skólaárinu 2020- 2021

Jóna Benediktsdóttir er ábyrgðaraðili mats, skýrslu
og umbótaáætlunar

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	2
Um Grunnskólann á Suðureyri	2
Um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs	3
Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2020-2021	4
Matsáætlun til fimm ára	5
Verkpáttur A, Skólanámskrá	6
Verkpáttur B, Starfsáætlun	7
Verkpáttur C, Nám, námsárangur, kröfur og námsmat	7
Gg 2.3. Nám, kennsla og námsmat, unnið 4.janúar 2021	7
Gg 2.4. Einstaklingsmiðun, unnið 4.janúar 2021	8
Gæðagreinir 3.1, Nám, námsárangur kröfur og námsmat	9
Gg 3.2. Betri frammistaða og aukinn árangur,	10
Framfarir í námi miðað við landsmeðaltal	10
Lesfimi, ánægja af lestri	11
Verkpáttur D, Líðan og þarfir nemenda	12
Starfsfólk í jan 2021	12
Nemendur í febrúar 2021	13
Kannanir Skólapúlsins veturinn 2020-2021	14
Nemendakönnun	14
Verkpáttur E, samstarf heimila og skóla	17
Niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúls veturinn 2020-21	17
Verkpáttur F	21
Gæðagreinir 1.1 Vinna okkar við starfsmarkmið og umbætur í skólastarfinu	21
Áhugasviðsverkefni	23
Tillögur til umbóta sem þarf að fella inn í starfsmarkmið komandi skólaárs	24
Væntingar og kröfur	24
Nám og kennsla	24
Líðan nemenda og samsömun við nemendahópinn	25
Starfsmannahópurinn	25
Lokaorð	25

Helstu niðurstöður

Reglulegt innra mat á skólastarfi við Grunnskólann á Suðureyri hefur að þessu sinni leitt í ljós að enn þarf að vinna á markvissan hátt með læsi, orðaforða og framfarir í námi, einnig er hægt að gera betur hvað varðar vinnu með skapandi starf. Þá komu einnig fram ábendingar um verkefni sem snúa að ábyrgð nemenda á samskiptum nemenda og væntingar í námi. Áfram verður unnið með þróunarverkefni skólans „Náum betri árangri saman” en vinna við það hefur raskast nokkuð vegna sóttvarnafyrirmæla. Þá verður lögð aukin áhersla á vinnuumhverfi starfsmanna í gegnum innleiðingu leiðsagnarnáms.

Um Grunnskólann á Suðureyri

Fram til ársins 1908 höfðu farandkennarar séð um kennslu á heimilum fólks á Suðureyri en árið 1908 varð breyting á því þegar var fyrsti skólinn á Suðureyri reistur. Það var gert í kjölfar þess að lög um skólaskyldu voru sett árið 1907. Þetta fyrsta skólahúsnæði samanstóð af tveimur kennslustofum auk áhaldaherbergis. Skólinn fékk strax nauðsynlegustu kennslutæki og áhöld ásamt orgeli. Fyrsti skólastjóri og kennari við hinn nýja skóla var Friðrik Hjartar og var hann skólastjóri allt til ársins 1932.

Árið 1958 var nýtt og stærra skólahúsnæði tekið í notkun sem leysti gamla húsið af hólmi. Árið 1983 var svo tekin í notkun viðbygging við skólann og var það helmingi stækkun á skólanum. Í þeirri byggingu eru meðal annars verkgræinastofa fyrir smíði og stofa fyrir heimilisfræði sem einnig er notuð sem matsalur og þar er textíl einnig kennd. Í skólanum er lítið bókasafn og góð aðstaða til tölvukennslu og skólinn er almennt vel tækjum búinn miðað við nemendafjölda.

Í janúar 2006 var vígt nýtt íþróttahús sem er sambyggt skólahúsinu. Innangengt er milli skóla, íþróttahúss og sundlaugar sem vígð var 1994. Búningsaðstaða er

sameiginleg fyrir íþróttahús og sundlaug. Nemendur skólans koma frá Suðureyri og sveitunum þar í kring. Suðureyri er hluti af sveitarfélaginu Ísafjarðabæ.

Núverandi skólastjóri og ábyrgðaraðili þessarar skýrslu er Jóna Benediktsdóttir

Um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs grunnskóla að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfssemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. (Lög um grunnskóla nr. 91, frá 2008)

Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir og skapa þannig grunn fyrir æskilega þróun skólastarfsins. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólki skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og samfélags. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað, með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er um leið liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert.

Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftár á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Viðtölum við nemendur, starfsmenn og foreldra eru einnig stór þáttur í gagnasafni vegna mats á ári hverju. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir. Skólarnir í Ísfjarðarbæ hafa einnig ákveðið að nota matskerfið Gæðagreina til að meta fjölmarga þætti í starfi sínu og við þá vinnu skoða starfsmenn starf skólans með heildrænum hætti og leggja gagnrýnið mat á tiltekna þætti árlega, nemendur koma einnig að þeirri vinnu eftir því hægt er.

[Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2020-2021](#)

Í Ísafjarðarbæ hefur verið sett upp sameiginleg matsáætlun fyrir alla grunnskóla sveitarfélagsins. Það er gert til að stuðla að auknu samstarfi um úrbætur og einfalda úrvinnslu. Að mestu er stuðst við matskerfið Gæðagreina, en einnig kannanir og samræmd próf sem skólarnir taka þátt í með reglubundnum hætti. Kannanir sem gerðar eru af starfsfólki skólans, niðurstöður úr starfsmannasamtölum og niðurstöður og lokasamantektir nemendapínga eru einnig lagðar til grundvallar við mat á skólastarfinu. Á þessu skólaári fékk Grunnskólinn á Suðureyri einnig utanaðkomandi sérfræðing til að kanna líðan nemenda á miðstigi. Á hverju ári eru gerðar kannanir um líðan og þarfir nemenda og annað hvert ár er viðhorf foreldra metið og á móti viðhorf starfsmanna. Þetta er gert með könnunum frá Skólapúlssi.

Sjálfsmatsskýrsla skólans er birt að vori þegar öllum niðurstöðum hefur verið safnað og unnin viðeigandi umbótaáætlun. Núgildandi matsáætlun er sem hér sýnir:

Matsáætlun til fimm ára

	gæðagr	2018-19	2019-20	2020-21	2021-22	2022-23
Skólanámskrá	1.3, 2.2			x		
Starfsáætlun	1.3, 2.2	x	x	x	x	x
Nám, námsárangur, kröfur og námsmat	2.3, 2.4, 3.1, 3.2	x		x		
Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	3.1	x	x	x	x	x
Kennsla, kennsluhættir og starfsþróun	2.3, 2.6,				x	
Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti	Ársk1.4	x		x		x
Stjórnun	1.2, 1.4		x			
Viðmót og menning skóla, jafnrétti jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti	Ársk, 2.1, 3.1	x			x	
Aðbúnaður						x
Samstarf heimila og skóla	2.5, 2.7		x		x	
Ytri tengsl, önnur skólástig, nærsamfélagið	2.7	x				
Umbótaaðgerðir og þróunarstarf	1.1			x		
Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar	1.5				x	
Grunnþættir menntunar, læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð	3.3		x			x

Þeir matsþættir sem eru á áætlun hjá okkur þetta skólaárið eru:

- A) Skólanámskrá
- B) Starfsáætlun
- C) Nám, námsárangur, kröfur og námsmat
- D) Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samstarf og félagsstarf
- E) Samstarf heimila og skóla
- F) Umbótaaðgerðir og þróunarstarf

Þáttur	Tímabil	Vinnulag, gæðagreinar og önnur gögn
A - skólanámskrá	haust	Skólanámskrá yfirfarin með tilliti til okkar umhverfis og bls 64 í Aðalnámskrá
B - starfsáætlun	haust	Starfsáætlun yfirfarin með tilliti til okkar umhverfis og bls 65 í Aðalnámskrá
C - Náms, námsárangur, kröfur og námsmat	janúar og febrúar	Spurningar sem þarf að spyrja: Eru framfarir nemenda í takti við landsmeðaltal? Eiga allir nemendur samtal um tilgang náms og framfarir við starfsfólk skólans? Íhuga kennarar námsframvindu nemenda reglulega? Gæðagreinar sem geta verið hjálplegir eru 2.3, 2.4, 3.1 og 3.2, einnig þarf að skoða árangur nemenda miðað við landsmeðaltal í samræmdum prófum og lesferli. Mat nemenda á áhugasviðsverkefni liggur einnig til grundavallar hér
D - Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samstarf og félagsstarf	Allt skólaárið	Spurningar sem þarf að spyrja: Hvernig líður nemendum í skólanum? Hvað einkennir samskipti nemenda? Gæðagreinir sem er hjálplegur er 3.1, einnig var gert sambærilegt skjal sem nemendur unnu með og gáfu einkunn. Einnig er notast við niðurstöður úr skólapúlssi.
E - Samstarf heimila og skóla	vorönn	Þátttaka í skólapúlssi
F – Umbóta- aðgerðir og þróunarstarf	Apríl og maí	Mat á verkefni skólans „Náum betri árangri saman“ og hvernig okkur gengur að vinna með starfsmarkmiðin. Gagnlegur gæðagreinir er 1.1 Mat á áhugasviðsverkefninu kemur líka hér

Verkþáttur A, Skólanámskrá

Að vori 2020 hófst vinna við endurskoðun skólanámskrár skólans sem var svo haldið áfram að hausti. Starfsmenn lásu skólanámskránni á yfir haustmánuðum með tilliti til þess hversu vel hún uppfyllir þau viðmið sem Aðalnámskrá grunnskóla setur fyrir skólanámskrá og að hvaða marki hún er lýsandi fyrir skólastarfið í okkar umhverfi. Gerðar voru breytingatillögur á nokkrum köflum sem síðan voru ræddar í starfsmannahópnum, lagfærðar og samþykktar. Þessari vinnu var lokið í byrjun nóvember. Þeir kaflar sem tóku efnislegum breytingum voru: Stefna Grunnskólans á Suðureyri, Kennsluhættir, Ytra og innra mat, Heimanám, Móttaka nemenda, Skimunaráætlun, Samstarf heimilis og skóla, Skólareglur, Eineltisáætlun, Forvarnaáætlun, Áætlun um jafnréttis- og mannréttindaforvarnir og áfallaáætlun. Þá kom inn nýr kafli um þróunarverkefni skólans, Náum betri árangri saman auk þess sem kaflinn um starfsmarkmið breytist árlega.

Skólanámskráin var send Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar í nóvember 2020.

Verkpáttur B, Starfsáætlun

Starfsáætlun grunnskóla er uppfærð á hverju ári með tilliti til þeirra verkefna sem skólar hyggjast leggja megináherslu á hverju sinni. Starfsáætlunin endurskoðuð af starfsmönnum með tilliti til umbótaáætlunar frá vori 2020 og viðmiða Aðalnámskrár grunnskóla um starfsáætlun. Þeir kaflar sem tóku efnislegum breytingum eru: Um starfsmarkmið, þar sem nýir áhersluþættir komu inn í kjölfar umbótaáætlunar síðasta skólaárs. Skólareglur, en þar kom viðbót frá nemendapingi sem haldið var haustið 2019, Áfallaáætlun, upplýsingar um hana eru enni í starfsáætluninni en áætlunin sjálf var tekin út úr starfsáætluninni og sett í sérstaka möppu sem geymd er á kaffistofu starfsmanna.

Starfsáætlunin var send Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar í september 2020.

Verkpáttur C, Nám, námsárangur, kröfur og námsmat

Verklag við mat á þessum þætti felur í sér þrennskonar vinnu. Það er vinnu starfsfólks með aðferðum gæðagreina, mat nemenda á áhugasviðsverkefni og mat á framförum nemenda miðað við landsmeðaltal eins og það birtist í mælingum Menntamálastofnunar í samræmdum könnunum og prófum.

Starfsfólk tók fyrir fjóra gæðagreina, 2.3, 2.4, 3.1 og 3.2 sú vinna fór fram á tímabilinu nóvember til janúar. Vinna við alla gæðagreinana fór fram með sama hætti. Í fyrstu umferð skoðar starfsfólk spurningalistana og merkir við þá einkunn sem hver og einn telur réttmæta. Þá er skipt í tvo hópa sem sameina sín svör í einn lista og rökstyðja af hverju tiltekin einkunn verður fyrir valinu og að lokum eru svo niðurstöður beggja hópa sameinaðar þannig að ein heildarniðurstaða fáiast frá starfsmannahópnum. Sú niðurstaða sem er birt hér er frá hópnum sem heild þegar hann er búinn að ræða sig niður á sameiginlega niðurstöðu.

Gg 2.3. Nám, kennsla og námsmat, unnið 4.janúar 2021

Okkar mat

		1	2	3	4	5	6
A	Hversu vel er nemendum gert kleift að velja og nýta góðar bjargar, þar sem stafræna tækni?				X		
B	Hversu vel notum við nærsamfélagið og útisvæðið til útikennslu?				X		
C	Hversu vel virkjum við alla nemendur til þátttöku í skólastarfinu?					X	
D	Hversu vel virkjum við alla nemendur til sjálfstæðis á grundvelli grunnþátta menntunar?				X		
E	Hversu fullviss erum við um að námsreynsla allra nemenda fjölbreytt, einstaklingsmiðuð, virk, styðjandi og full af áskorunum?			X			
F	Hversu góðar samræður eigum við um tilgang náms við nemendur og gefum þeim góðar leiðbeiningar?				X		

G	Hversu vel bæta spurnaraðferðir okkar við námsreynslu nemenda og auðvelda þeim að ígrunda nám sitt?				X		
H	Hversu vel innleiðum við fjölbreytta nýsköpun og skapandi náms- og kennsluaðferðir, þar á meðal stafræna tækni?				X		
I	Hversu vel hagnýtum við áætlanagerð, athuganir, mat, skráningu og skýrslugerð í námi og kennslu?				X		
J	Hversu vel notum við ýmis gild, áreiðanleg og viðeigandi matstæki og aðferðir til umbóta í námi nemenda?					X	
K	Hversu vel skráum við, greinum og notum upplýsingar úr mati til að greina þarfir einstakra nemenda og nemendahópa					X	
L	Á hversu áhrifaríkan hátt náum við að virkja nemendur og forráðamenn til að skipuleggja og meta nám?			X			

Sterku hliðarnar okkur eru að: Nýta gögn við áætlanagerð og að virkja nemendur til þátttöku í skólastarfinu.

Það sem við þurfum að bæta: Hugsa um að allir nemendur fái viðeigandi áskoranir í námi, efla nýsköpun og nýta umhverfið markvissar. Einnig þarf að vinna betur með að virkja forráðamenn til umræðu um nám og kennslu, um það erum við með áætlun sem ekki var hægt að hrinda í framkvæmd vegna Covid-19.

Með tilliti þess hvað okkur þykir mikilvægt gefum við 4,5 sem heildareinkunn fyrir þennan matsþátt.

Gg 2.4. Einstaklingsmiðun, unnið 4.janúar 2021

		1	2	3	4	4,5	5	6
A	Hversu vel þekkir starfsfólkið nemendur sem einstaklinga?					X		
B	Hefur skólinn yfir að ráða árangursríkum matsaðferðum til að koma auga á margvíslegar þarfir nemenda sem sífellt eru að aukast?					X		
C	Er öflugt fyrirkomulag í skólanum sem tryggir að allir nemendur eigi regluleg samskipti og samtali við náms- og starfsráðgjafa í þeim tilgangi að ræða um nám sitt og áætla um næstu skref?						X	
D	Hversu markvisst notum við námsmat og skimanir við skipulag náms einstaklinga og hópa?					X		
E	Íhugar starfsfólk hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?					X		
F	Hefur starfsfólk möguleika á að fá leiðsögn og þjálfun til að efla færni sína til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir ólíkra nemenda?					X		
G	Hvernig er skilningur okkar á aðgreiningu? Nota starfsfólk og samstarfsaðilar okkar fjölbreyttar aðferðir til að mæta þörfum allra nemenda?				X			

H	Hversu vel mætir skólanámskráin okkar þörfum mismunandi nemendahópa?						X	
I	Á hversu árangursríkan hátt náum við að virkja forráðamenn og samstarfsaðila til þátttöku í skólastarfinu til að tryggja að nemendur njóti viðeigandi stuðnings hverju sinni, svo sem um næstu skref í námi, yfirvofandi breytingar og námsval?						X	
J	Hvernig vitum við hvor einstaklingsmiðaður stuðningur, sem við veitum, ber tilætlaðan árangur fyrir nemendur?					X		
K	Starfar skólinn okkar í anda hugmyndafræðinnar <i>skóli án aðgreiningar</i> ?						X	

Sterku hliðarnar okkur eru að: Einstaklingsmiðun og virðing fyrir fjölbreytileika

Það sem við þurfum að bæta: Gæta þess að umburðarlyndi leiði ekki til meðvirkni. Að samþykkja að einhver geti ekki eitthvað getur verið ákveðin tegund af meðvirkni.

Með tilliti þess hvað okkur þykir mikilvægt gefum við 4,5 sem heildareinkunn fyrir þennan matsþátt.

Gæðagreinir 3.1, Námi, námsárangur kröfur og námsmat okkar mat

		1	2	3	4	5	6
C	Hversu vel þekkjum við og tökum mið af lögum og reglum um skólastarf?					X	
D	Hversu vel tryggjum við öryggi, heilbrigði, árangur, umönnun, virkni, virðingu og þátttöku allra barna?				X		
G	Hversu vel tryggjum við að allt starfsfólk starfi eftir lögum, reglugerðum og siðareglum starfsstétta?				X		
I	Hversu góð samskipti eigum við við forráðamenn og samstarfsaðila um lykilþætti skólastarfsins?				X		
J	Hvernig vitum við að árangur nemenda hafi batnað miðað við þær ákvarðanir sem hafa verið teknar um nám og kennslu?				X		
K	Hversu vel getum við sýnt fram á bætta árangur einstaklinga sem eiga við erfiðleika að etja í námi?				X		
L	Höfum við skapað árangursríkt námsumhverfi byggt á hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar? Hvernig vitum við það?					X	
M	Að hvaða marki fagnar skólinn fjölbreytileika?					X	
N	Hversu vel nær skólinn að tryggja að skólanámskráin sé útfærð með það að leiðarljósi að efla jafnrétti og fjölbreytileika en draga úr mismunun?					X	

Samantekt

Sterku hliðarnar okkar eru: Þekking á lögum og reglum og útfærsla á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar.

Það sem við þurfum að bæta: Eftirfylgni með því að allt starfsfólk vinni samkvæmt lögum og reglugerðum og búa þarf til siðareglur sem gilda fyrir allt starfsfólk skólans.

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægast gefum við 4,5 í heildareinkunn fyrir þennan matsþátt

Gg 3.2. Betri frammistaða og aukinn árangur,

Unnið 4.janúar 2021

Okkar mat

		1	2	3	4	4,5	5	6
A	Hversu vel leiða náms- og kennsluaðferðir okkar til bætts árangurs nemenda?				X			
B	Hversu vel leiða áherslur okkar á læsi og talnalæsi til bætts árangurs þvert á áherslur skólanámskrárinnar?				X			
C	Hversu vel nýtum við vísbendingar/sönnunargögn frá fundum, faglegri samræðu og mati til að meta árangur yfir ákveðin tímabil?					X		
D	Hversu vel er niðurstöður úr námsmati notaðar til umbóta í skólastarfi?					X		
E	Hversu vel þekkjum við og metum árangur allra nemenda?					X		
F	Hversu vel fylgjumst við með og fögnum þegar árangri er náð?					X		
G	Hversu vel tryggir samvinna okkar við samstarfsaðila og atvinnulífið jákvæðan árangur nemenda?				X			
H	Hvernig er frammistaða og árangur nemenda sem stunda meðal annars útinám?					X		
I	Hversu vel drögum við úr hindrunum í námi og tryggjum sanngirni?					X		

Sterku hliðarnar okkur eru að: Við fylgjumst vel með öllum og grípum til aðgerða ef þörf er á.


Það sem við þurfum að bæta: Að virkja foreldra betur, það er okkar að finna leiðir til að tengja foreldra við nám barna sinna og ekki má gefast upp þó að hefðbundnar aðferðir virki ekki.

Með tilliti þess hvað okkur þykir mikilvægt gefum við 4,5 sem heildareinkunn fyrir þennan matsþátt.

Framfarir í námi miðað við landsmeðaltal

Þegar fjallað er um framfarir í námi miðað við landsmeðaltal eru einkunnir nemenda úr samræmdum prófum bornar saman við landsmeðaltal og fimm ára meðaltal skoðað árlega með það fyrir augum hvort

einkunnir nálgast landsmeðaltal eða ekki, en landsmeðaltal á þessari mælingu er 30 stig. Á myndinni hér að neðan má sjá þróun meðaltalsins frá hausti 2010 hjá 4. og 7.bekk í íslensku og stærðfræði.



Eins og sjá má hefur sá námsárangur sem mældur er með þessum prófum frekar verið á uppleið síðustu ár og meðaltals árangur 4.bekkjara hefur verið yfirlandsmeðaltali að undanfögnu. Árangurinn hefur ekki verið alveg með sama hætti í 7.bekk og sérstaklega þarf að hafa áhyggjur af stöðu nemenda í íslensku. Rétt er að geta þess að áhersla á mál, málskilning, lestur og lesskilning hafa verið í starfsmarkmiðum skólans undanfarin tvö ár. Draga má þá ályktun að mikil sóknartækifæri séu til að efla árangur barna á miðstigi, bæði í stærðfræði og íslensku.

Sambærileg mynd er ekki til fyrir nemendur 9.bekkjara sem þreyta einnig samræmd próf, en vegna breytinga hjá Menntamálastofnun verða þær tölur ekki til fyrir nemendur skólans fyrr en vorið 2023.

Lesfimi, ánægja af lestri

Mælanlegar niðurstöður sem hægt er að vísa til eru að nemendur skólans mælast nú langt fyrir ofan landsmeðaltal í mælingunni „ánægja af lestri“ í mælingu Skólapúlsins eða með mælitöluna 5,7 meðan landsmeðaltal er 4,6 og er skólinn þar í hópi efstu skóla á landsvísu.

Niðurstöður lesfimiprófa eru heldur á uppleið, í meðfylgjandi töflu má sjá mælingar skólans í janúar 2020 og 2021.

	2020	2021
Yfir viðmiði 1	4	6
Yfir viðmiði 2	1	2
Yfir viðmiði 3	0	1

Yfir landsmeðaltali	2	3
		+1 á landsmeðaltali

Hér má sjá mælingar skólans í maí 2020 og 2021.

	2020	2021
Yfir viðmiði 1	7	8
Yfir viðmiði 2	2	3
Yfir viðmiði 3	1	1
Yfir landsmeðaltali	2	3
		+1 á viðm. 1, og 1 á landsmeðalt.

Hafa verður í huga að ekki er hægt að skrifa þennan árangur á eitthvað eitt sérstakt en verið er að vinna með lestur og orðaforða á markvissan hátt í öllu starfi skólans og þegar allt er lagt saman virðist árangur einnig skila sér á mörgum sviðum og einna ánægjulegast er að sjá hversu jákvæðir nemendur eru orðnir fyrir lestri.

Verkpáttur D, Líðan og þarfir nemenda

Starfsfólk í jan 2021

Gæðagreinir 3.1, útgáfa Grunnskólans á Suðureyri, D liður í skilgreindu mati skólaársins – starfsfólk

Líðan og þarfir nemenda

okkar mat

		1	2	3	4	5	6
E	Hversu vel taka nemendur tillit til annarra, eiga jákvæð samskipti og sýna góða hegðun?			X			
F	Hversu vel hlustum við á raddir nemenda þegar við tökum ákvarðanir um velferð þeirra og framtíð?					x	

Samantekt

Sterku hliðarnar okkar eru að: Nemendur vita að þeir hafa talsvert um skólastarfið að segja og þekkja leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri og flestir nemendur eru oftast kurteisir í samskiptum og sýna góða hegðun.

Það sem við þurfum að bæta: Vinna þarf skilgreiningar á því hverskonar hegðun og orðanotkun er ásættanleg og fylgja þeirri vinnu eftir allan skóladaginn.

Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægast gefum við heildareinkunn 4 fyrir þennan matspátt

Nemendur í febrúar 2021

Útgáfa skólans af Gæðagreiini 3.1, fyrir nemendur

Spurningar fyrir nemendur (6.-10.bekkur?) falla undir matspáttinn líðan og þarfir nemenda

Mat nemenda

		1	2	3	4	5	6
	Hversu vel taka nemendur tillit til annarra, eiga jákvæð samskipti og sýna góða hegðun?			3,5			
	Hversu vel hlustum við á raddir nemenda þegar við tökum ákvarðanir um velferð þeirra og framtíð?				X		
	Hversu vel er nemendum gert kleift að velja um aðferðir í námi sínu?			X			
	Hversu vel virkjum við alla nemendur til þátttöku í skólastarfinu?				X		
	Hversu oft eiga nemendur samræður við starfsfólk um tilgang náms?					4,5	
	Hversu oft fá nemendur góðar leiðbeiningar frá starfsfólki vegna náms síns?				X		
	Hversu oft taka nemendur þátt í mati á vinnu og verkefnum samnemenda?			3,5			
	Starfsfólk hefur miklar væntingar til allra nemenda.			3,5			
	Allir nemendur fá áskoranir í námi.			X			
	Hversu vel skilja nemendur eigin bekkjarsáttmála?			3,5			
	Hversu vel gengur nemendum að halda bekkjarsáttmála?			x			

Samantekt

Sterku hliðarnar okkar eru:

Hvað nemendur eiga oft samræður við starfsfólk um nám og góð hegðun í skólanum

Það sem við þurfum að bæta:

Að allir nemendur fái viðeigandi áskoranir í námi, að nemendur fái betri útskýringar og geti betur einbeitt sér að náminu og að hægt sé að einbeita sér að námsefninu og námi.

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

Hversu vel nemendur taka tillit hver til annars, eiga jákvæð samskipti og sýna góða hegðun.

	Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægast gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan matsþátt	1	2	3	4	5	6
				3,5			

Tillögur til umbóta byggðar á mat nemenda

Huga þarf betur að því að allir nemendur fái viðeigandi áskoranir í námi og jafnframt þurfa kennarar að leggja áherslu á að markmið með námi í öllum námsgreinum séu skýr fyrir nemendum.

Kannanir Skólapúlsins veturinn 2020-2021


Nemendakönnun

Skólapúlsinn gerir nemendakönnun í þremur flokkum og ber saman við meðaltal allra skóla sem taka þátt. Í flokknum „Virgni nemenda í skólanum“ erum við 0,3 yfir meðaltali, í flokknum „líðan og heilsa“ erum við akkúrat á meðaltali og í flokknum „skóla - og bekkjarandi“ erum við 0,08 yfir meðaltali. Innan hvers flokks eru tekin saman svör nemenda við nokkrum spurningum og þannig búin til 20 atriði sem gefin eru stig fyrir. Munur er talinn marktækur ef hann er yfir 0,5 stig. Grunnskólinn á Suðureyri er marktækt undir meðaltali í einni spurningu, 3.1, sem er samsömun við nemendahópinn, þar er mælitala skólans 0,7 undir meðaltali annarra skóla sem tóku þátt. Þá er skólinn einnig talinn vera með marktækt frávík í spurningu 1.6, um trú á eigin námsgetu en þar er skólinn 0,4 stigum undir meðaltali. Mat nemenda er hins vegar marktækt yfir meðaltali í fjórum þáttum, það eru ánægja af lestri, 1,1 stig, þrautseigja í námi, 0,5 stig, áhugi á stærðfræði, 0,6 stig og tíðni leiðsagnarmats, 0,8 stig. Í hinum 14 spurningunum er skólinn innan marka meðaltals þeirra skóla sem tóku þátt að þessu sinni.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,6	40	-0,7	4,5	16.158	1,1*
1.2. Þrautseigja í námi	5,1	43	-0,5	4,6	16.234	0,5*
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,5	43	-0,4	4,9	16.487	0,6*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	43	-0,9	4,7	16.460	-0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,8	43	0,1	4,5	16.209	0,3
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,1	43	-0,2	4,5	16.427	-0,4*

Hér er sérstaklega ánægjulegt að sjá hvernig nemendur meta ánægju sína af lestri og þar erum við í hópi með efstu skólum sem taka þátt í könnuninni.



2. Líðan og heilsa


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,8	43	-0,1	4,2	16.162	-0,4
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,1	43	-0,2	4,3	16.119	-0,2
2.3. Vellíðan	4,8	43	0,8	4,4	16.344	0,4
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	11	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,4	43	-0,5	5,6	16.316	-0,2
2.6. Tíðni eineltis	14,3%	6/42	-10,7%	13,5%	2259/16267	0,8%
2.7. Staðir eineltis	-	6	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	28,6%	12/42	8,6%	43,3%	6961/15911	-14,7%*
2.9. Holtt mataræði	4,6	43	-0,5	4,6	16.047	0,0

Í þessum flokki eru helstu breytingar jákvæðar, það er í mati nemenda á vellíðan og minnkandi upplifun á einelti.


3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,1	42	0,2	4,8	16.028	-0,7*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,5	43	0,5	4,9	16.247	-0,4
3.3. Agi í tímum	5,3	43	-0,6	4,9	16.221	0,4
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,3	43	0,2	5,0	16.180	0,3
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,8	42	1,1	5,0	16.191	0,8*

Í þessum flokki eru með bæði neikvæð og jákvæð frávík. Það neikvæða varðar samsömun við nemendahópinn, nemendur segjast ekki eiga auðvelt með að eignast vini í skólanum en á móti kemur að þeir meta líðan sína góða eins og sjá má í spurning 2.3 þar sem við erum yfir meðaltali.



Jákvætt fráviki er tíðni leiðsagnarmats, þar getum við vel við unað og tengjum við það að mestu áhugasviðsverkefninu þar sem nemendur fá alltaf endurgjöf með leiðsögn á verkefnin sín.



Almennt má segja að niðurstöður úr könnunum Skólapúls fyrir þennan vetur séu ágætar, þær benda til þess að hægt sé að gera betur í upplifun nemenda af samsömun við hópinn og því þarf að vinna meira með hópefli en gert hefur verið, að öðru leiti gefa þær ekki vísbendingar um að neinna sérstakra breytinga sé þörf.

Verkpáttur E, samstarf heimila og skóla


Skólinn tekur þátt í foreldrakönnun Skólapúlsins annað hvert ár og í ár var könnunin lögð fyrir foreldra. Niðurstöður bera þess merki að vegna sóttvarnafyrirmæla hefur foreldrasamstarf verið óvenjulegt, ekki hafa verið haldnir venjubundnir foreldrafundir þar sem foreldrum gefst tækifæri til að koma saman og ræða málefni er snúa að skólasamfélaginu og engir fræðslufundir hafa verið haldnir fyrir foreldra frá því haustið 2019. Í skólanum er tilbúið skipulag til að efla samstarf heimila og skóla með sérstaka áherslu á valdeflingu foreldra af erlendum uppruna. Skipulagið nær til tveggja ára og felur meðal annars í sér að halda fjóra fræðslufundi fyrir foreldra um meginþætti skólafarsins. Fyrsti fundurinn var um stefnu skólans og markmið og svefn og næringu og var haldinn haustið 2019. Á honum skilgreindu foreldrar einnig einkunnarorð skólans sameiginlega. Túlkað var á þrjú tungumál. Næsti fundur átti að vera um réttindi og skyldur foreldra í íslenska skólakerfinu og um að vera í fjölmenningsarsamfélagi. Þeim fundi þurfti að fresta aftur og aftur vegna sóttvarnaráðstafana, hann var svo að lokum haldinn 20.mái 2021. Þá komu þær Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Magdalena Elísabet Andrésdóttir og Dagbjört Ásbjörnsdóttir, og fjölluðu um skólagöngu í fjölmenningsarsamfélagi og réttindi og skyldur foreldra í íslenska skólakerfinu. Erindin voru flutt á íslensku, ensku og pólsku. Vel var mætt á fundinn af foreldrum af erlendum uppruna en ekki eins vel af foreldrum með íslenskan bakgrunn og vinna þarf meira í að efla foreldrasamfélagið sem eina heild.

Niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúls veturinn 2020-21


Þátttaka í könnuninni var rétt við viðmiðunarmörk, en 16 foreldrar opnuðu könnunina. Sumir svöruðu öllum spurningum aðrir nokkru færri. Nokkuð erfitt er að átta sig á viðhorfum foreldra miðað við

landsmeðaltal þar sem ekki hafa verið skilgreind viðmið nema við fáum spurninganna. Spurningarnar skiptast í 5 yfirflokka. Það er 1. Nám og kennsla, 2. Velferð nemenda, 3. Aðstaða og þjónusta, 4. Foreldrasamstarf, 5. Heimastuðningur og svo eru opin svör og aukakönnun um viðbrögð skólans við Covid.

Í matsþættinum „Nám og kennsla“ eru viðhorf foreldra nokkuð undir landsmeðaltali þó að samanburðarlínan sé á réttri leið. Viðhorf foreldra til hæfilegrar þyngdar á námsefni eru örlítið undir landsmeðaltali og einnig telja færri foreldrar aga í skólanum hæfilegan en í samanburðarskólum. Hafa verður í huga að aðeins aðeins 15 svör bárust við þessum spurningum.



Hér má sjá að við nálgumst landsmeðaltal en hér er þó sóknartækifæri.



Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni. Fyrri punktaröðin sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem eru með nemendur í 1.-10. bekk og seinni punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.)


Foreldrar eru nokkuð sáttir við stjórnun skólans.

Í matsþættinum „Velferð nemenda“ svöruðu foreldrar sjö spurningum. Af þeim voru svör við tveimur lægri en landsmeðaltal, það eru spurningarnar „Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur,

sem var 0,1 stigi undir meðaltali og „Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda sem var 7,5 prósentustigum undir landsmeðaltali. Svör foreldra voru hins vegar um 2-3% yfir landsmeðaltali í öllum þáttum er varða líðan nemenda og einnig telja þeir, eins og nemendur, að eineltishegðun í skólanum hafi farið minnkandi.


Í matsþættinum „Aðstaða og þjónusta” kemur fram ánægja foreldra með mötuneyti þó að tiltölulega færri nemendur noti mötuneytið en að meðaltali og þar kemur jafnframt fram óánægja foreldra með tómstundapjónustu sem veitt er af hálfu sveitarfélagsins.

Í þættinum „Foreldrasamstarf” svöruðu foreldra átta spurningum og var niðurstaða jákvæð fyrir skólann í fjórum og neikvæð í fjórum. Frávik eru þó lítil nema í þáttunum „Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemendum”, „Ánægja með heimasíðu skólans” og „Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur”.



Hér má sjá að foreldrar í Grunnskólanum á Suðureyri telja ekki sérstaklega mikilvægt að gera námsáætlun með nemendum.


4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur – Röðun



Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni. Fyrri punktaröðin sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem eru með nemendur í 1.-10. bekk og seinni punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.)

Foreldrar eru hins vegar sáttir við möguleika sína á að hafa áhrif á ákvarðanir er varða nemendur.


4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans – Röðun




Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni. Fyrri punktaröðin sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem eru með nemendur í 1.-10. bekk og seinni punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.)

Einnig eru foreldrar almennt ánægðir með heimasíðu skólans.

Í matsþættinum „Heimastuðingur“ svöruðu foreldrar sex spurningum, af þeim voru svör yfir meðallagi í fjórum spurningum og úr þeim má lesa að foreldrar séu almennt sáttir við heimanám sem börnin fá og að nemendur leiti til foreldra sinna ef þeir telja þörf á því. Þættirnir „Væntingar foreldra um háskóla- og iðnnám“ komu hins vegar talsvert lakara út en á landsmeðaltali.



Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni. Fyrri punktaröðin sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem eru með nemendur í 1.-10. bekk og seinni punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.)



Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni. Fyrri punktaröðin sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem eru með nemendur í 1.-10. bekk og seinni punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.)

Að teknu tilliti til allra svara er lagt til að í skólanum verði lögð enn meiri áhersla á hópefli nemenda og að þróa með nemendum trú á eign námsgetu. Einnig þarf að vekja athygli foreldra á mikilvægi þess að hafa væntingar til nemenda þar sem sannað hefur verið að væntingar þeirra eru einn aðal drifkrafturinn í námi barna.

Verkpáttur F

Umbætur og þróunarstarf

Gæðagreinir 1.1 Vinna okkar við starfsmarkmið og umbætur í skólastarfinu

Gagnlegar spurningar

		1	2	3	4	5	6
A	Hversu vel áttar starfsfólk sig á og tekur ábyrgð á umbótum byggðum á innra mati?				x		
B	Hversu vel þekkir og skilur starfsfólk sjálfsmatsaðferðina <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>				x		
D	Hvernig tryggjum við að umbætur nemenda séu þungamiðja sjálfsmatsins?				4,5		
E	Hefur starfsfólk nægar væntingar til nemenda?				x		
F	Hefur starfsfólk og forráðamenn skilning á aðstæðum í nærsamfélaginu sem geta haft áhrif á líf og nám barna?			x			
G	Hversu vel tekst okkur að draga úr hindrunum til að tryggja árangur?				x		
H	Hversu vel höfum við skilgreint skólastarfið okkar, styrkleika og sóknartækifæri til umbæta með innra mati?				4,5		
I	Hversu vel virkjum við hagsmunaaðila (nemendur, starfsfólk, forráðamenn, samstarfsaðilar) til þátttöku í umbótamiðuðu skólastarfi?				x *		
J	Hversu vel sköpum við tækifæri fyrir starfsfólk til að taka þátt í og stýra ákveðnum verkefnum um umbætur í skólastarfinu?				x		
K	Hversu mikið hvetjum við starfsfólk til ígrundunar og þess að læra hvert af öðru?			x			
L	Á hversu árangursríkan hátt tryggjum við að sjónum sé beint inn á við, út á við og fram á við í umbótamiðuðu sjálfsmati?				x		
M	Hvernig vitum við að þær breytingar sem hafa verið gerðar beri árangur fyrir nemendur?				x		
N	Hversu vel eru vísbendingar úr sjálfsmati nýttar til að knýja á um breytingar og umbætur?				4,5		

J, virkjum nemendur og starfsfólk vel en ekki foreldra og aðra hagsmunaaðila.

Samantekt:

Sterku hliðarnar okkar

Lítill skóli, góðar skráningar, frelsi til að skapa og traust, starfsfólk getur rætt um mál tengd námi og kennslu án þess að einhver fari í varnarstöðu.

Það sem við þurfum að bæta

Virkja starfsfólk betur til að gera hlutina í sameiningu, opnari samræður um væntingar í skólasamfélaginu um til dæmis íslensku, viðhorf til skóla, hreyfingar, námsárangurs, mataræðis, tækni og fleira.

		1	2	3	4	5	6
--	--	---	---	---	---	---	---

	Með tilliti til þessa gefum við okkur eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt				x		
--	---	--	--	--	---	--	--

Umbótatillögur úr þessum þætti

Mikilvægt að gera áætlun um notkun snjalltækja í skólanum, í samráði við nemendur, þannig að tæknin hjálpi til við verkefni en sé ekki ein af hindrunum fyrir framförum.


Koma skipulagi skólans um eflingu foreldrasamstarf í framkvæmd um leið og sóttvarnafyrirmæli leyfa

Skrá væntingar til einstakra nemenda með skipulögum hætti að vori, útskýra fyrir foreldrum á haustfundi – eflir líka væntingar foreldra til nemenda.

Áhugasviðsverkefni

Undanfarin tvö skólaár hafa námsgreinar verið samþættar í gegnum svokallað áhugasviðsverkefni. Verkefnið hefur fengið fjórar stundir á töflu vikulega, fyrra árið voru fjórir samfelldir tímar en að beiðni nemenda var því breytt í tvisvar sinnum tvo tíma. Nemendur eru almennt ánægðir með verkefnið og framfarir í vinnubrögðum hafa verið miklar. Gerð var könnun meðal nemenda á því hvernig þeim líkaði þessi vinna og voru niðurstöður eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Valmöguleikinn „leiðinlegt“ var einnig í boði en enginn nemandi valdi hann.

Hvað af þessu lýsir best skoðun þinni á áhugasviðsverkefninu



Í upphafi var verkefnið að viðfangsefnum var skipt niður í 3-5 vikna tímabil og nemendur höfðu algjörlega frjálssar hendur um viðfangsefni og skil. Á núverandi skólaári var skipulagið þannig að kennarar velja þema fyrir viðfangsefni fyrir annað hvert tímabil og nemendur hitt. Þá voru einnig sett skilyrði varðandi skil á verkefnum, þau mættu ekki alltaf vera með sama hætti og nemendum kennt að tengja verkefnin sín viðmiðum námsgreina og lykilhæfni. Þá röðuðu kennarar nemendum saman í vinnu annað hvert tímabil en nemendur völdu sjálfir hvort þeir unnu í samstarfi og þá með hverjum í tímabilinu á móti.

Þetta er umbótaverkefni sem er í stöðugri þróun og fyrir næsta skólaár telja kennarar sem koma að verkefninu mikilvægt að:

Samráðstími verði fastur á töflu að minnsta kosti einu sinni í viku, kennarar setji upp viðmið fyrir nemendur með tengingu við hæfniviðmið með aðstoð kennara, nemendur haldi dagbók og geri jafningja og sjálfsmat og að starfsstöðvar nemenda verði fyrirfram ákveðnar. Þá leggja þeir til að fleiri tímar verði teknir í verkefnið og þar sem nemendur velja gjarnan verkefni tengd samfélags- eða náttúrugreinum verði fleiri tímar viðmiðunarnámskrár þeirra greina undir í verkefninu.

Tillögur til umbóta sem þarf að fella inn í starfsmarkmið komandi skólaárs

Á grundvelli allra matsþáttanna sem unnið var með á yfirstandandi skólaári eru eftirfarandi tillögur lagðar fram sem starfsmarkmið skólaársins 2021-2022. Að þessu sinni eru ekki sett tímamörk eða ábyrgðaraðili á umbótatillögur þar sem skólastjórnarskipti verða í haust og rétt þykir að nýr skólastjóri marki áherslur komandi árs.

Væntingar og kröfur

Allir nemendur fái viðeigandi áskoranir í námi sínu sem endurspeglar jafnframt í vaxandi væntingum foreldra til menntunar barna sinna.

Leiðir:

- Skrá væntingar til allra nemenda að hausti áður en haustfundur er haldinn og kynna fyrir foreldrum. Mikilvægt að leggja áherslu á framfarir.
- Gæta þarf þess að umburðarlyndi leiði ekki til meðvirkni. Að samþykkja að einhver geti ekki eitthvað getur verið ákveðin tegund af meðvirkni.
- Í áhugasviðsverkefnum aðstoði kennarar nemendur við að tengja viðfangsefni sín viðeigandi hæfniviðmiðum þannig að allir nemendur fái hæfilegar áskoranir í námi sínu.
- Koma skipulagi skólans um eflingu foreldrasamstarfs í framkvæmd um leið og sóttvarnafyrirmæli leyfa

Nám og kennsla

Öll kennsla sé tengd markmiðum og þau útskýrð bæði fyrir nemendum og foreldrum að hausti og aftur eftir áramót.

Leiðir:

- Allar kennsluáætlanir séu tengdar viðmiðum í aðalnámskrá eða viðeigandi námskrá fyrir árganga, leggja þér sérstaka áherslu á sköpun og að nýta umhverfið til kennslu. Þetta á einnig við um verk- og listgreinar og áhugasviðsverkefni.
- Áfram verði unnið með lestur og orðaforða eins og skilgreint er í þróunarverkefni skólans.

Líðan nemenda og samsömun við nemendahópinn

Ávalt má bæta líðan nemenda í skóla og vinna þarf með aukna samstöðu nemenda og samsömun þeirra við nemendahópinn.

Leiðir:

- Gera skal bekkjarsáttmála út frá almennum samskiptareglum og grunngildum fyrir lok september í öllum námshópum og endurmeta hann í janúar.
- Vinna þarf með nemendum skilgreiningar á því hverskonar hegðun og orðanotkun er ásættanleg og fylgja þeirri vinnu eftir allan skóladaginn.
- Vinna þarf meira með hópefli, setja má upp sérstök verkefni til dæmis fjórum sinnum á ári. Einnig ber að hafa þetta í huga við skipulag á áhugasviðsverkefnum. Kennarara þurfa að stýra oftari hverjir vinna saman þannig að nemendahópurinn blandist meira.
- Mikilvægt er að gera áætlun um notkun snjalltækja í skólanum, í samráði við nemendur, þannig að tæknin hjálpi til við verkefni en sé ekki ein af hindrunum fyrir framförum í námi eða félagslegum samskiptum.

Starfsmannahópurinn

Vinna þarf að aukinni samstöðu og styrkja faglegar umræður um ýmsa þætti í skólastarfinu.

Leiðir:

- Innleiðing leiðsagnarnáms sem hefst að hausti 2021
- Gefa þarf svigrúm fyrir starfsmenn til að eiga opnar samræður um væntingar til náms, til dæmis með skipulögðum reglulegum samræðufundum um málefni tengd námi og heilbrigði í samfélagi á grundvelli starfsmannasáttmála skólans.
- Samstarfsfundir þeirra sem kenna saman verði fastir í vikulegu skipulagi
- Vinna þarf siðareglur sem gilda fyrir allt starfsfólk skólans.

Lokaorð

Sjálfsmat skóla er fyrst og fremst gagnlegt tæki fyrir starfsmenn til að skoða eigið starf með gagnrýnu hugarfari og leggja mat á hvernig starfsumhverfið styður við þroska nemenda og eflir starfsmenn til dáða. Þá veitir matið skólanum jafnframt tækifæri til að skoða starf sitt í ljósi markmiða aðalnámskrár og

skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Vinna við mat þessa skólaárs hefur farið fram jafnt og þétt allan veturinn og starfsmenn hafa unnið það heiðarlega og samkvæmt bestu vitund. Þá hafa nemendur haft meiri aðkomu að matinu þennan vetur en áður og vonumst við til að geta haldið áfram á þeirri braut þannig að hlutur þeirra verði stærri því markmið skólastarfsins eru fyrst og fremst að þjóna nemendum þannig að þeir fái sem flest tækifæri til að efla þroska sinn.

Við matið kom í ljós að sóknartækifæri eru á ýmsum sviðum í skólastarfinu og markmið okkar eru að í Grunnskólanum á Suðureyri fá nemendur gæðakennslu á sem flestum sviðum þannig að umhverfi þeirra verði þeim hjálplegt til að þróa skilning sinn á þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu þeirra til að verða bæði mótendur og virkir þátttakendur í slíku samfélagi.

8.júní 2021

Jóna Benediktsdóttir

Skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri